SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

FUNDARGERÐ

ATVINNU- OG FERÐAMÁLANEFNDAR

Þann 19. október 2026 var haldinn fundur í atvinnu- og ferðamálanefnd Sveitarfélagsins Skagastrandar. Fundurinn fór fram á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 og hófst kl. 15:00.

Á fundinn voru mætt Herdís Þórunn Jakobsdóttir (HÞJ), formaður, Eva Dís Gunnarsdóttir (EDG), varaformaður, Ragnar Rögnvaldsson (RR) og Ragnheiður Erla Stefánsdóttir (RES), sem sat fundinn í forföllum Steindórs R. Haraldssonar sem boðaði forföll.

Jafnframt sat Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), sveitarstjóri, fundinn og ritaði fundargerð.

Guðlaugur Siggi Hannesson boðaði forföll og varafulltrúi hans jafnframt forfallaður.

Dagskrá:

1. Erindisbréf atvinnu- og ferðamálanefndar

Erindisbréf atvinnu- og ferðamálanefndar Sveitarfélagsins Skagastrandar, staðfest á fundi sveitarstjórnar 09.09.2026 lagt fram.

Nefndin fór yfir og ræddi erindisbréfið.

2. Starfsáætlun atvinnu- og ferðamálanefndar

Rætt um starfsáætlun atvinnu- og ferðamálanefndar, verkefni og fundaáætlun.

Nefndin samþykkir að stefnt sé að því að hún fundi að lágmarki tvisvar að hausti og tvisvar að vori. Næsti fundur nefndarinnar mun fara fram miðvikudaginn 18.11.2026 og hefjast kl. 16:00.

3. Markaðsmál í ferðaþjónustu

Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands dags. 14.10.2026 þar verkefnið „Ísland í essinu sínu“ er kynnt.

Lagt fram. Atvinnu- og ferðamálanefnd fagnar verkefninu sem gæti verið mikilvægt tæki til kynningar á svæðinu.

HÞJ RES EDG

4. Atvinnumál- og atvinnuuppbygging í Sveitarfélaginu Skagaströnd

Mál frá fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar sem fór fram 09.09.2026. Þar var samþykkt að atvinnu- og ferðamálanefnd fari yfir tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á íbúaþingum sem haldin hafa verið á Skagaströnd undanfarin ár er varða atvinnumál og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Nefndin meti meðal annars hvort þær forsendur og aðstæður sem voru til staðar við fyrri íbúaþing hafi breyst með þeim hætti að tilefni sé til að halda nýtt íbúaþing um atvinnumál og framtíðarsýn í atvinnuuppbyggingu sveitarfélagsins, eða hvort unnt sé að byggja á þeim niðurstöðum og tillögum sem þegar liggja fyrir. Jafnframt meti nefndin hvort tilefni sé til að leita sérfræðiþjónustu á sviði atvinnuþróunar og atvinnuuppbyggingar, og þá með hvaða hætti og á hvaða sviðum slík aðkoma gæti nýst best. Markmið þeirrar vinnu verði að styrkja atvinnulíf á Skagaströnd, skapa ný atvinnutækifæri og efla forsendur fyrir fjölbreyttari atvinnustarfsemi til framtíðar. Atvinnu- og ferðamálanefnd skili sveitarstjórn greinargerð og tillögum að næstu skrefum þegar yfirferð og mat nefndarinnar liggur fyrir. Íbúafundur verði haldinn til að kynna og ræða niðurstöður.

Lagt fram og rætt.

Atvinnu- og ferðamálanefnd samþykkir að á íbúafundi í nóvember 2026 verði farið yfir niðurstöður þeirra íbúa- og stefnumótunarfunda sem þegar hafa farið fram og þar kallað eftir viðbrögðum íbúa. Í framhaldi af því verði næstu skref í vinnunni rædd og ákveðin.

5. Önnur mál

a) Nefndin samþykkir samhljóða að Eva Dís Gunnarsdóttir fari með embætti ritara nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.